

ÚTIVISTAR- OG ÍPRÓTTASVÆÐI Á TORFNESI Á ÍSAFIRÐI

MINNISBLAÐ


VERKNÚMÉR: 18174-005
HÖFUNDUR: Erla Bryndís Kristjánsdóttir
RÝNT AF: Gunnar Páll Eydal
DREIFING: Ísafjarðarbær

DAGS.: 25. jan. 2023

Möguleg útfærsla útivistar- og íþróttasvæðis milli sjúkrahússins og Sólborgar

Skipulagsfulltrúi Ísafjarðarbæjar hefur óskað eftir athugun á mögulegum breytingum á núverandi púttvelli á Torfnesi vegna stækkunar hjúkrunarheimilisins Eyrar. Einn valmöguleiki stækkunar skarast við púttvöllinn. Óskað er eftir hugmyndum að útfærslu nýs útivistar- og íþróttasvæðis, þ.e. breyttri lögun púttvallar og nýs svæðis fyrir hreystitæki sem nýtist íbúum svæðisins.

Púttvöllur var byggður 2008 á óbyggðu svæði milli sjúkrahússins og leikskólans Sólborgar. Völlurinn er mikið notaður af íbúum á Hlíf, eldri borgurum á Ísafirði og gestum þeirra. Völlurinn er um 1700 m² stærð, afgirtur og rammaður inn með runnagróðri. Lítill aðstöðuskúr og verönd er við innganginn að vellinum.



Mynd 1 Núverandi púttvöllur. Séð frá Hlíf. (Skjáskot af ja.is)



Mynd 2 Núverandi púttvöllur. Séð frá Skutulsfjarðarbraut. (Skjáskot af ja.is)



Mynd 3 Núverandi púttvöllur er um 1700 m² að stærð. (Loftmynd frá Loftmyndum)



Fyrir liggur að stækka þarf Hjúkrunarheimilið Eyri og eru til skoðunar mögulegar staðsetningar nýrrar álmu, annars vegar austan við núverandi byggingar eða sunnan við þær. Uppbygging sunnan núverandi bygginga hefur ýmsa kosti fram yfir uppbyggingu til austurs. Þó mun ný álma til suðurs skarast við neðri enda púttvallarins, mismikið eftir útfærslu hennar.

Mörk lóðar sjúkrahússins liggja um 20 m sunnan við sjúkrahúsið en þessi hluti lóðarinnar er nánast ónýttur. Svæðið skiptist í tvær grasflatir. Önnur þeirra er lárétt og liggur út frá 1. hæð sjúkrahússins en hin liggur frá matsal á 2. hæð og hallar til suðurs. Næst matsalnum er lítið dvalarsvæði en grasflötin hentar ekki til útiveru nema fyrir fullfrískt fólk.

Göngustígur liggur milli púttvallarins og lóðamarka sjúkrahússins og tengist göngustígum á svæðinu. Um stígin er aðkoma að tæknirými á 1. hæð sjúkrahússins, fyrir miðri suðurhliðinni á milli grasflatanna. Hugmyndir eru um að setja upp hreystitæki innan lóðar sjúkrahússins fyrir sama notendahóp og nýtir púttvöllinn í dag, sjá mynd 9 aftar í minnisblaðinu.

Mögulegt er að minnka lóð sjúkrahússins og nýta það svæði fyrir útivist og íþróttir fyrir íbúa á svæðinu sem og gesti. Svæðið getur nýst fyrir endurbættan púttvöll og mögulega aðra útivist og íþróttir sem falla vel að vellinum, s.s. hreystitækin og/eða dvalar- og samkomusvæði fyrir notendur svæðisins. Skoða mætti að gera svæðið aðgengilegra frá matsal sjúkrahússins.

Á mynd 4 er sýnt dæmi um nýja álmu og tillaga að breyttri legu og lögun púttvallar og mögulega einnig útivistarsvæðis. Á mynd 5 má sjá samanburð svæðanna.



Mynd 4 Tillaga að nýrri afmörkun svæðis fyrir púttvöll og hugsanlega hreystitæki og aðra útivist. (Loftmynd frá Loftmyndum)



Mynd 5 Til vinstri sést afmörkun núverandi þúttvallar (blá afmörkun) en til hægri sést tillaga að breyttri legu og lögun svæðisins (rauð afmörkun). (Loftmynd frá Loftmyndum)

Breytingar á vellinum kalla ekki á að núverandi aðstaða verði endurgerð, þ.e. á þeim hluta hans sem verður nýttur áfram. Aðstöðuskúr, verönd og bílastæði geta staðið óhreyfð, sem og hluti runnagróðurs. Ekki er þörf á að breyta eða loka efri hluta vallarins á meðan á framkvæmdum stendur eða í kjölfar þeirra. Mögulegt er að hefja framkvæmdir við nýjan hluta vallarins áður en uppbygging nýrrar álmu hjúkrunarheimilisins hefst, jafnvel um leið og frost fer úr jörðu í vor. Nýr hluti vallarins getur þannig verið tilbúinn áður en framkvæmdir við hjúkrunarheimilið hefjast. Með því móti verður engin skerðing á nýtingu vallarins vegna framkvæmda. Þó getur orðið röskun á litlu svæði á þeim tíma sem sameining valla fer fram.



Mynd 6 Efri hluti núverandi þúttvallar getur verið í notkun allan framkvæmdatímann. Nýtt svæði getur verið tilbúið áður en neðri hluti þúttvallarins er aflagður. (Loftmynd frá Loftmyndum)



Mynd 7 Svæðið næst sjúkrahúsinu hentar vel fyrir útivist. Svæðið liggur vel við sól og er í skjóli fyrir norðlægum vindáttum. (Skjáskot af ja.is)

Svæðið næst sjúkrahúsinu hentar mjög vel til útivistar. Það liggur vel við sól og er í skjóli fyrir norðlægum vindáttum. Veggur fyrir upphækkaða grasflöt við matsal sjúkrahússins skýlir einnig svæðinu og myndar áhugavert rými fyrir útiveru. Auka má skjól næst bílastæðunum með gróðri og/eða skjólveggjum.

Neðri endi núverandi púttvallar liggur nokkuð nærri Skutulsfjarðarbraut eða um 20-30 m frá vegkanti. Ef ný álma hjúkrunarheimilisins rís sunnan við núverandi byggingar, mun hún skýla vellinum fyrir umferðarhávaða og getur gert svæðið meira aðlaðandi. Útsýni frá flötinni yfir Skutulsfjörð og að Kirkjubólshlíð mun hins vegar skerðast óverulega.


Nýtt útivistar- og íþróttasvæði liggur mjög vel við gönguleiðum að og frá Hlíf og Eyri, líkt og núverandi púttvöllur. Skoða mætti hvort hægt er að bæta aðgengi frá matsal sjúkrahússins að þessu svæði.

Gönguleiðin meðfram núverandi velli, sem einnig er aðkomuleið fyrir bíla að tæknirými á 1. hæð sjúkrahússins, er bein og breið og sker svæðið í sundur. Hún er afar sjaldan nýtt fyrir aðkomu bíla. Þessa leið ætti að fella út en nægjanlegt er að heimilt sé að aka meðfram neðri enda nýs vallar frá lóð leikskólans. Með því móti er hægt að mynda heildstætt svæði fyrir völinn og aðra útivist. Ný gönguleið getur legið um völinn og gæti orðið hluti af útfærslu vallarins og dvalarsvæðum. Gæta þarf þó að því að flóttaleiðir og aðkoma slökkvibíla verði áfram að sjúkrahúsinu, en sú leið þarf ekki að vera sérstaklega afmörkuð.


Svæðið getur orðið áhugaverður samkomu- og dvalarstaður íbúa og gesta á svæðinu, þar sem fólk getur safnast saman og stundað íþróttir eða aðra afþreyingu. Notendur geta spreytt sig á hreystitækjum, farið í pútt eða setið í sólinni, hitt kunningja og fylgst með öðrum að leik. Mikilvægt er að öll hönnun miðist við að sem flestir komist um, óháð færni, og geti tekið þátt í þeirri afþreyingu sem er í boði.

Tæknideild Ísafjarðarbæjar hefur unnið frumtillögu að svæði fyrir hreystitæki á lóð sjúkrahússins, sjá mynd 9. Áætluð stærð hreystivallar er 200-250 m² en það fer þó eftir útfærslu. Þessa tillögu má útfæra nánar í tengslum við breytta afmörkun útivistarsvæðisins. Áhugavert gæti verið að samtvinnu hreystitækin með dvalarsvæðum og jafnvel púttvellinum. Einnig mætti skoða aðrar staðsetningar, s.s. að nýta grassvæðið utan við matsal sjúkrahússins, sjá mynd 8. Það kallar á breytta landmótun en gæti bætt nýtingu þess svæðis og verið hvatning til útiveru fyrir þá sem dvelja á sjúkrahúsinu. Aðrar staðsetningar koma einnig til greina en ávinningur væri af því að hafa hreystitækin sem næst annarri afþreyingu á svæðinu.

Hugmyndir að útfærslu endurbætts útivistar- og íþróttasvæðis með púttvelli og hreystitækjum má finna aftast í minnisblaðinu.



Mynd 8 Heil græn lína sýnir afmörkun í frumtillögu Ísafjarðarbæjar. Grænar brotalínur sýna dæmi um aðra legu hreystivallar. (Loftmynd frá Loftmyndum)



Mynd 9 Ísafjarðarbær hefur unnið tillögu að hreystivelli fyrir eldri borgara í samvinnu við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða. (Tæknideild Ísafjarðarbæjar)



Hugmyndir að útfærslu endurbættis útivistar- og íþróttasvæðis

Settar eru fram þrjár hugmyndir að útfærslu endurbættis útivistar- og íþróttasvæðis milli sjúkrahússins og Sólborgar, sjá teikningar hér fyrir aftan. Hugmyndirnar ber að skoða sem dæmi um hvernig hægt er að nýta svæðið en frekari hönnun ætti að skoðast með notendum svæðisins, s.s. hvað varðar þarfir eða óskir og hugmyndir.

Allar útfærslurnar miðast við að sem minnst verði hreyft við þeim hluta núverandi púttvallar sem ekki yrði aflagður. Í öllum útfærslunum er gert ráð fyrir að hreystitæki verði innan útivistarsvæðisins sem og dvalarsvæði til að bjóða upp á fjölbreyttari möguleika til útivistar fyrir breiðari hóp fólks. Eins og fram kemur hér að framan geta hreystitækin einnig verið staðsett annars staðar, s.s. utan við matsal sjúkrahússins. Með því móti fæst nokkru stærra svæði fyrir púttvöllinn en hann er í dag.

Miðað er við þau hreystitæki sem sýnd eru í tillögu tæknideildar Ísafjarðarbæjar og í hugmyndum B og C er miðað við þá staðsetningu og þar er lögð til. Í hugmynd A er gert ráð fyrir að hreystitækin myndi braut meðfram jaðri vallarins og að auki er gert ráð fyrir tennisborði á dvalarsvæði í vesturhorni vallarins. Gæta þarf að fallvörnum undir og nærri hreystitækjunum (s.s. gúmmíundirlag eða gúmmígrasmottur).

Í öllum útfærslunum er miðað við að pútt-holur núverandi vallar haldist óbreyttar en teigar eru afmarkaðir umhverfis þær. Í hugmyndum A og B er gert ráð fyrir mörgum litlum teigum sem mynda ákveðna braut um völinn, en í hugmynd C er gert ráð fyrir færri og stærri teigum með fleiri holum á hverjum þeirra. Teigana þarf ekki að afmarka eins og sýnt er á teikningunum. Hægt er að hafa allan völinn eina samfellda slétta flöt en holurnar þá merktar eða númeraðar. Áhugavert kann að vera að afmarka teigana með einhverjum hætti s.s. með breytilegri landhæð eða mismunandi yfirborðsefni. Slíkt krefst þó meira viðhalds en á samfelldri sléttu grasflöt.

Í öllum útfærslunum er gert ráð fyrir auknum trjá- og runnagróðri, til yndisauka og frekari skjólmyndunar. Í hugmynd C er meiri áhersla á gróður í jöðrum vallarins og til að afmarka svæðið fyrir hreystitækin. Í hugmyndum A og B er gert ráð fyrir að nýta gróður til að mynda ramma um brautir og svæði og auka upplifun þeirra sem spila á völinum. Einnig kemur til greina að takmarka gróður, s.s. með því að hafa aðeins limgerði meðfram svæðinu, líkt og á núverandi velli.

Í öllum útfærslunum er miðað við að auka möguleika til að dvelja á svæðinu og sérstök áhersla er lögð á að nýta svæðið næst sjúkrahúsinu fyrir dvalarsvæði, enda er þar skjólgott og sólríkt svæði. Einnig er gert ráð fyrir að fjölga bekkjum á öllu svæðinu, þannig að hægt sé að tylla sér niður á milli spílalota.

Í hugmynd A er gert ráð fyrir gönguleið í gegnum svæðið meðfram hreystitækjum í jaðri þess. Í hugmynd C er gert ráð fyrir að gönguleið liggji um völinn en ekki er afmörkuð sérstök gönguleið í hugmynd B.

Hugmynd A

- Litlir teigar sem mynda ákveðna braut
- Hreystitæki í jaðri svæðis auk tennisborðs við dvalarsvæði
- Gönguleið í jaðri vallar
- Trjá- og runnagróður til rýmismyndunar

Hugmynd B

- Litlir teigar sem mynda ákveðna braut
- Hreystitæki á afmörkuðu svæði
- Trjá- og runnagróður til rýmismyndunar


Hugmynd C

- Stórir teigar
- Hreystitæki á afmörkuðu svæði
- Gönguleið í gegnum völinn
- Trjá- og runnagróður í jöðrum


HUGMYND - A



HUGMYND - B



HUGMYND - C





Dæmi um útivistarsvæði með hreystitækjum og gönguleiðum

